



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 7/2016

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna útlánaáhhættu

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 31. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjól“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

1. júlí 2016

REGLUR

um tæknilega staðla vegna útlánaáhættu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu í samræmi við ákvæði reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

2. gr.

Útreikningur á sértækri og almennri virðisrýrnun útlána.

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu skal fylgja ákvæðum reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013, til viðbótar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um útreikning á sértækri og almennri virðisrýrnun útlána.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465552288545&uri=CELEX:32014R0183>.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í b-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 1. október 2016.